

Leiðbeiningar: Innskráning/nýskráning í Researchweb

Tengill til innskráningar: <https://www.researchweb.org/is/lh/login>

Starfsmaður/notandi sem nú þegar hefur notendareikning skráir sig inn í kerfið með tölvupóstfangi og lykilorði. Það getur farið eftir vafrakökustillingum hvernig innskráningin birtist notanda, í annan stað birtist síða þar sem smella þarf á „**Innskráning**“ í hægra horni vefsíðunnar til að skráningarglugginn birtist og í hinn staðinn opnast skráningarglugginn beint.

Það sama á við þegar stofna skal nýjan notendareikning. Í skráningarglugganum er síðan smellt á „**Skrá nýjan reikning**“. Rafrænt eyðublað opnast þá þar sem notendaupplýsingar eru skráðar.

Mikilvægt: Við stofnun nýs notendareiknings er mjög mikilvægt að velja **ekki** „*Hide my user account...*“ í öryggisstillingum heldur annan hvorn „*show my user account...*“. Einnig er mikilvægt að haka við aðgang kerfisstjóra að reikningi (administrator access). Við lok skráningar persónuupplýsinga er smellt á „**Skrá**“ neðst í hægra horni síðunnar.

Kerfið sendir sjálfvirkan rafpóst til staðfestingar á að skráning hafi tekist með tímabundnu aðgangsorði sem notandi breytir síðan innan í notendareikning sínum. Það er gert með því að setja bendilinn á notendanafnið í hægra horni síðunnar og velja þar „**Notendareikning**“. Þá opnast nýr gluggi þar sem smellt er á „**Aðgangsorð**“ neðst á síðunni og þar er aðgangsorði breytt.

Researchweb rannsóknar- og styrkumsjónarkerfið heldur utan um ferilskrá notanda (CV) og fylgja þær upplýsingar notanda sjálfkrafa þegar gerðar eru umsóknir eða send inn ágreip. Til þess að skrá, breyta og/eða bæta við í ferilskrá er bendillinn settur á notendanafnið í hægra horni og valið er „**Breyta ferilskrá**“. Leiðbeiningar um gerð ferilskrár er að finna í „**Hjálp**“ á borða vinstra megin á síðunni undir „**User account/CV**“.

Athygli er vakin á því að við mat á innsendum styrkumsóknum, skýrslum og ágreipum er stuðst við þær persónu- og ferilsupplýsingar sem umsækjandi setur inn í kerfið og er því mjög mikilvægt að uppfæra ferilskrána reglulega, þ.m.t. ritlista.

Kerfisstjóri Researchweb á Landspítala er Valgerður M. Backman, verkefnastjóri í Vísindadeild, 5431410/8646147; valgebac@landspitali.is.